# Stjórnartíðindi
# 2003 - B-deild - B94

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

## Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# Stjórnartíðindi

B 94
Nr. 605-613

2003

# Efnisyfirlit B 94 2003


| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 605 | 5. ágúst | Auglýsing um deiliskipulag í Dalabyggð | 1917 |
| 606 | | Reikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2002 | 1917-1919 |
| 607 | 30. júlí | Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík nr. 66/2003 | 1920-1925 |
| 608 | 7. ágúst | Auglýsing um takmörkun á innflutningi á parahnetum frá Brasilíu | 1925-1926 |
| 609 | | Reikningur Bjargráðasjóðs fyrir árið 2002 | 1926-1928 |
| 610 | 16. júlí | Reglugerð um eftirlit og skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa | 1929-1930 |
| 611 | 14. ágúst | Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir „Velli 2. áfanga“ í Hafnarfirði | 1930 |
| 612 | 8. ágúst | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 903/2002 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn | 1931-1932 |
| 613 | 22. júlí | Auglýsing um umferð á Akranesi | 1932 |

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Dalabyggð.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 15. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar við Ytra-Fell á Fellsströnd.

Deiliskipulagið tekur fyrir frístundabyggð með þremur lóðum. Lóðirnar eru upp af gamla bænum meðfram svokölluðum veiðimannavegi, sem liggur upp eftir Kjallakstaðaá.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Búðardal, 5. ágúst 2003.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Bogi Kristinsson,** byggingafulltrúi Dalabyggðar.

Nr. 606

# REIKNINGUR

**Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2002.**

**Rekstrarreikningur.**

| | Skýringar | kr. |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur:** | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur | | 383.384.946 |
| Aðrar vaxtatekjur | | 16.704.555 |
| Lántökugjöld | | 21.032.000 |
| Fjármunatekjur alls: | | 421.121.501 |
| **Fjármagnsgjöld:** | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | | (120.788.593) |
| Önnur vaxtagjöld | | 230.781 |
| Lántökugjöld | | 1.246.433 |
| Fjármagnsgjöld alls: | | (119.311.379) |
| Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu | | 540.432.880 |
| Reiknuð gjöld v/verðbreytinga | (1) | 0 |
| Hreinar fjármunatekjur: | | 540.432.880 |
| **Aðrar tekjur:** | | |
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | | 50.223.449 |
| Aðrar tekjur alls: | | 50.223.449 |

| Rekstrargjöld: | Skýringar | kr. |
|---|---|---|
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | (2) | 16.962.417 |
| Sérkostnaður Lánasjóðs | | 9.288.063 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | (1) | 1.212.557 |
| Rekstrargjöld alls: | | 27.463.037 |
| Tekjuafgangur ársins: | | 563.193.342 |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2002.

### Eignir.

| Fastafjármunir: | Skýringar | kr. |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | |
| Fasteign | (4) | 30.682.025 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir alls: | | 30.682.025 |
| Áhættufé: | | |
| Hlutabréfaeign | | 420.588 |
| Áhættufé alls: | | 420.588 |
| Langtímakröfur: | | |
| Skuldabréfaeign | (7) | 10.980.558.450 |
| Afb. til greiðslu á næsta ári | | (1.429.077.961) |
| Langtímakröfur alls: | | 9.551.480.489 |
| Fastafjármunir alls: | | 9.582.583.102 |
| **Veltufjármunir:** | | |
| Útistandandi kröfur | | 7.338.719 |
| Gjaldfallnar afborganir og vextir | (8) | 14.639.750 |
| Áfallnir útistandandi vextir | | 206.212.040 |
| Afborganir sem gjaldfalla á næsta ári | | 1.426.722.022 |
| Bankainnstæður | | 152.591.010 |
| Sjóður | | 10.000 |
| Veltufjármunir alls: | | 1.807.513.541 |
| Eignir samtals: | | 11.390.096.643 |

### Skuldir og eigið fé.

| Eigið fé: | | |
|---|---|---|
| Endurmatsreikningur | (11) | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | (11) | 8.446.791.261 |
| Eigið fé alls: | | 8.446.791.261 |
| **Langtímaskuldir:** | | |
| Ábyrgðarskuldbinding: | | |
| Lífeyrisskuldbinding v/starfsmanna | (3, 10) | 27.509.700 |
| Ábyrgðarskuldbinding alls: | | 27.509.700 |

| | Skýringar | kr. |
|---|---|---|
| Langtímalán: | (9) | |
| Seðlabanki Íslands | | 0 |
| Norræni fjárfestingarbankinn | | 2.543.892.686 |
| Búnaðarbanki Íslands | | 114.159.406 |
| Landsbanki Íslands | | 213.157.016 |
| | | 2.871.206.108 |
| Afborganir næsta árs | | (224.131.321) |
| Langtímalán alls: | | 2.647.074.787 |
| **Skammtímaskuldir:** | | |
| Skuldheimtumenn | | 5.511.472 |
| Áfallnir ógr. vextir | | 39.078.102 |
| Afb. næsta árs af langtímaskuldum | | 224.131.321 |
| Skammtímaskuldir alls: | | 268.720.895 |
| Skuldir alls: | | 2.943.305.382 |
| Skuldir og eigið fé samtals: | | 11.390.096.643 |

Reykjavík, 28. febrúar 2003.

**Kristján Magnússon** stjórnarformaður.

**Ásgeir Magnússon** meðstjórnandi. **Kristinn Jónasson** meðstjórnandi.
**Ingvar Viktorsson** meðstjórnandi. **Karl Björnsson** meðstjórnandi.

**Þórður Skúlason** framkvæmdastjóri.

**Áritun endurskoðenda.**

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 11.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er koma fram í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 5. maí 2003.

Ingimundur Sigurpálsson skoðunarmaður.
Sveinn Sæmundsson löggiltur endurskoðandi.

# AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík nr. 66/2003.

1. gr.

Í stað núverandi fylgiskjals I kemur nýtt fylgiskjal er orðast svo:

**Fylgiskjal I.**

### Flokkun fyrirtækja í gjaldflokka samkvæmt eftirlitssviðum.

**Matvælaeftirlit**

| Isat-flokkur | Atvinnugrein | Gjald-flokkur |
|---|---|---|
| 15.13.1 | Kjötiðnaður, lítill | 4 |
| 15.13.2 | Kjötiðnaður, miðlungs | 6 |
| 15.13.3 | Kjötiðnaður, stór | 7 |
| 15.13.4 | Kjötpökkunarstöð | 6 |
| 15.20.5 | Harðfiskverkun | 4 |
| 15.20.61 | Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 4 |
| 15.20.8 | Lagmeti og framleiðsla sjávarrétta | 6 |
| 15.51.0 | Mjólkurbú | 7 |
| 15.51.1 | Ostagerð | 7 |
| 15.52.0 | Ísgerð | 6 |
| 15.61.0 | Framleiðsla á kornvöru | 6 |
| 15.81.1 | Brauðverksmiðjur | 6 |
| 15.81.2 | Bakarí | 6 |
| 15.82.0 | Kex- og kökuframleiðsla | 7 |
| 15.84.0 | Súkkulaði- og sælgætisgerð | 6 |
| 15.86.0 | Te- og kaffiframleiðsla | 4 |
| 15.87.0 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil | 1 |
| 15.87.1 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór | 6 |
| 15.89.1 | Salatgerð | 6 |
| 15.89.2 | Framleiðsla tilbúinna rétta, meðal | 6 |
| 15.89.3 | Framleiðsla tilbúinna rétta, stór | 7 |
| 15.98.0 | Framleiðsla gosdrykkja, lítil | 6 |
| 15.98.1 | Framleiðsla gosdrykkja, stór | 7 |
| 41.00.0 | Vatnsveitur | |
| 51.31.0 | Heildverslun með grænmeti, meðal | 4 |
| 51.31.1 | Heildverslun með grænmeti, stór | 6 |
| 51.36.0 | Heildverslun með sykur o.fl. | 4 |
| 51.39.1 | Heildverslun með matvæli, lítil | 1 |
| 51.39.2 | Heildverslun með matvæli, meðal | 4 |
| 51.39.3 | Heildverslun með matvæli, stór | 6 |
| 52.11.10 | Stórmarkaðir, miðlungs | 6 |
| 52.11.11 | Stórmarkaðir, stórir | 7 |
| 52.11.20 | Matvöruverslanir m. vinnslu, meðal | 6 |
| 52.11.21 | Matvöruverslanir m. vinnslu, stórar | 7 |
| 52.11.30 | Matvöruverslanir án vinnslu, meðal | 4 |
| 52.11.31 | Matvöruverslanir án vinnslu, stórar | 6 |
| 52.11.32 | Matvöruverslanir án vinnslu, litlar | 1 |

**Matvælaeftirlit**

| Isat-flokkur | Atvinnugrein | Gjald-flokkur |
|---|---|---|
| 52.11.4 | Söluturnar | 1 |
| 52.11.5 | Söluturnar með ís/samlokugerð | 1 |
| 52.11.6 | Matsöluvagnar | 4 |
| 52.23.0 | Fiskbúðir | 4 |
| 52.24.0 | Smásala á brauði og kökum | 4 |
| 52.27.0 | Sérverslun með matvörur | 4 |
| 52.62.0 | Markaðir | 4 |
| 52.62.1 | Sölubás | 1 |
| 55.11.1 | Hótel með litlum matsölustað | 4 |
| 55.11.2 | Hótel með miðlungs matsölustað | 6 |
| 55.11.3 | Hótel með stórum matsölustað | 7 |
| 55.30.2 | Skemmtistaðir með matsölu | 7 |
| 55.30.30 | Skyndibitastaðir, litlir | 4 |
| 55.30.31 | Skyndibitastaðir, miðlungs | 6 |
| 55.30.4 | Brauðstofur | 4 |
| 55.30.6 | Matsölustaðir, veitingahús, lítil | 4 |
| 55.30.7 | Matsölustaðir, veitingahús, meðal | 6 |
| 55.30.8 | Matsölustaðir, veitingahús, stór | 7 |
| 55.40.6 | Veitingatorg | 4 |
| 55.51.1 | Mötuneyti, lítil | 4 |
| 55.51.2 | Mötuneyti, miðlungs | 6 |
| 55.51.3 | Mötuneyti, stór | 7 |
| 55.52.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 4 |
| 55.52.2 | Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 6 |
| 55.52.3 | Sala á tilbúnum mat, stór | 7 |
| 63.12.0 | Vörugeymslur, flutningamiðstöðvar | 6 |

**Hollustuhættir**

| Isat-flokkur | Atvinnugrein | Gjald-flokkur |
|---|---|---|
| 24.30.01 | Málningarverksmiðjur | 4 |
| 24.51.01 | Hreinlætisvöruverksmiðjur | 3 |
| 24.52.01 | Snyrtivöruframleiðsla | 2 |
| 50.30.01 | Bifreiðavarahlutaverslanir, stórar | 7 |
| 50.30.01 | Bifreiðavarahlutaverslanir, meðal | 6 |
| 50.30.01 | Bifreiðavarahlutaverslanir, litlar | 4 |
| 50.50.01 | Bensínstöðvar | 3 |
| 51.55 | Heildverslun með efnavöru lítið | 2 |
| 51.55 | Heildverslun með efnavöru meðal | 4 |
| 51.55 | Heildverslun með efnavöru mikið | 6 |
| 52.11.11 | Matvöruverslanir, stórar | 6 |
| 52.11.20 | Matvöruverslanir, miðlungs | 3 |
| 52.11.30 | Matvöruverslanir, litlar | 2 |
| 52.31.0 | Apótek | 3 |
| 52.33.01 | Snyrtivöruverslanir | 2 |
| 52.46.11 | Byggingavöruverslanir, stórar | 7 |
| 52.46.12 | Byggingavöruverslanir, meðalstórar | 6 |
| 52.46.12 | Byggingavöruverslanir, litlar | 4 |
| 52.46.13 | Járnvöruverslanir | 4 |
| 52.46.21 | Málningarvöruverslanir | 5 |
| 52.48.7 | Leikfangaverslanir | 2 |

**Hollustuhættir**

| Isat-flokkur | Atvinnugrein | Gjald-flokkur |
|---|---|---|
| 52.48.8 | Blómaverslun með B og C efni | 5 |
| 52.49.92 | Varahlutaverslanir, ekki í bíla | 3 |
| 52.49.93 | Smásala efna í flokkum X, A og B | 5 |
| Óflokkað | Smásala efnavara, mikið | 6 |
| Óflokkað | Smásala efnavara, meðal | 3 |
| Óflokkað | Smásala efnavara, lítið | 1 |
| 55.10.1 | Gistiheimili | 2 |
| 55.12.0 | Hótel | 4 |
| 55.22.0 | Tjaldstæði | 2 |
| 55.23.1 | Heimagistingar | 2 |
| 55.40.1 | Krár litlar, lágmarks matargerð | 3 |
| 55.40.2 | Krár stórar, lágmarks matargerð | 4 |
| 75.23.0 | Fangelsi | 4 |
| 80.10.0 | Grunnskólar litlir | 4 |
| 80.10.0 | Grunnskólar stórir | 6 |
| 80.21.0 | Framhaldsskólar | 6 |
| 80.22.0 | Sérskólar | 3 |
| 80.30.0 | Skólar á háskólastigi | 6 |
| 80.42.2 | Tónlistaskólar | 1 |
| 85.11.1 | Deildaskipt sjúkrahús | 4 |
| 85.11.4 | Dvalar- og hjúkrunarheimili | 5 |
| 85.11.44 | Vistheimili | 2 |
| 85.11.5 | Áfengismeðferð | 3 |
| 85.12.1 | Heilsugæslustöðvar | 3 |
| 85.12.2 | Læknastofur | 1 |
| 85.12.21 | Læknahús, rannsóknarstofur | 2 |
| 85.14.1 | Sjúkraþjálfun | 1 |
| 85.14.92 | Fótaaðgerðastofur | 1 |
| 85.14.94 | Kírópraktor | 1 |
| 85.31.4 | Heimili f. fatlaða | 1 |
| 85.31.9 | Gistiskýli fyrir heimilislausa | 2 |
| 85.32.1 | Daggæsla í heimahúsum | 2 |
| 85.32.20 | Leikskólar, dagvistun barna litlir | 2 |
| 85.32.20 | Leikskólar, dagvistun barna stórir | 4 |
| 85.32.21 | Gæsluvellir | 2 |
| 85.32.4 | Félagsmiðstöðvar | 3 |
| 85.32.5 | Safnaðarheimili/kirkjur | 2 |
| 85.32.6 | Félagsaðstaða fullorðinna | 3 |
| 85.32.61 | Einkasalir, félagsheimili | 2 |
| 92. | Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi | 2 |
| 92.13.0 | Kvikmyndahús | 5 |
| 92.31.01 | Leikhús | 2 |
| 92.33.0 | Rekstur skemmtigarða | 2 |
| 92.34.0 | Dansskólar | 1 |
| 92.61.01 | Stórir sundstaðir | 6 |
| 92.61.02 | Litlir sundstaðir | 3 |
| 92.62.03 | Íþróttamannvirki | 3 |
| 93.02.01 | Hárgreiðslustofur | 2 |
| 93.02.2 | Snyrtistofur | 2 |
| 93.02.3 | Húðflúrstofur | 2 |
| 93.02.4 | Húðgötun | 2 |
| 93.04.01 | Líkamsræktarstöð | 3 |

**Hollustuhættir**

| Isat-flokkur | Atvinnugrein | Gjald-flokkur |
|---|---|---|
| 93.04.02 | Nuddstofur | 1 |
| 93.04.03 | Sólbaðstofur | 2 |
| 93.05.01 | Almenningssalerni | 1 |

**Mengunarvarnir**

| Isat-flokkur | Atvinnugrein | Gjald-flokkur |
|---|---|---|
| 01.23.0 | Svínarækt | 8 |
| 01.24.0 | Alifuglarækt, minni | 6 |
| 01.24.0 | Alifuglarækt, stærri | 8 |
| 15.11.01 | Svínasláturhús | 8 |
| 15.98.1 | Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór | 6 |
| 90.00.01 | Skólphreinsistöðvar | 8 |
| 90.00.02 | Móttökustöð fyrir úrgang | 8 |
| 15.20.72 | Fiskimjölsvinnsla | 8 |
| 41.00.0 | Vatnsveitur | 6 |
| 24.30.01 | Málningarverksmiðjur | 6 |
| 26.82.91 | Malbikunarstöðvar | 6 |
| 28.51.1 | Sandblástur málma | 6 |
| 35.11.0 | Skipasmíði og skipaviðgerðir | 6 |
| 35.30.0 | Smíði og viðgerðir loftfara og geimfara | 4 |
| 50.50.01 | Bensínstöðvar | 6 |
| 51.57.01 | Móttaka brotamálms | 6 |
| 51.57.03 | Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 4 |
| 90.00.05 | Flutningur spilliefna | 4 |
| 63.23.01 | Flugvellir | 8 |
| 05.2.01 | Seiðaeldi | 6 |
| 05.5.21 | Landeldi | 6 |
| 15.42.01 | Lifrarbræðsla og lýsishreinsun | 6 |
| 15.61.0 | Framleiðsla á kornvöru | 3 |
| 15.71.0 | Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs | 4 |
| 24.51.01 | Hreinlætisvöruverksmiðjur | 6 |
| 25.13.01 | Gúmmisteypur | 4 |
| 25.20.00 | Plastvöruframleiðsla | 4 |
| 25.21.0 | Framleiðsla á plötum, o.þ.h. úr plastefnum | 4 |
| 25.22.0 | Framleiðsla á umbúðaplasti | 4 |
| 27.5.0 | Málmsteypur | 6 |
| 28.51.0 | Meðferð og húðun málma | 6 |
| 28.52.01 | Blikksmíði | 2 |
| 50.20.00 | Verkstæðisaðstaða | 4 |
| 50.20.01 | Bifreiða- og vélaverkstæði | 4 |
| 50.20.02 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun | 6 |
| 50.20.03 | Bifreiðasprautun | 6 |
| 50.20.04 | Bifreiðaréttingar | 2 |
| 50.20.05 | Bón- og bílaþvottastöðvar, sjálfvirkar | 4 |
| 50.20.06 | Bónstöðvar, handvirkar | 2 |
| 50.20.07 | Ryðvarnarverkstæði | 6 |
| 50.20.08 | Smurstöðvar | 4 |
| 50.20.09 | Ísetning bílhluta, fylgihluta og rafviðgerðir | 2 |
| 50.30.1 | Bílapartasölur | 4 |
| 74.81.01 | Framköllunarþjónusta | 4 |

**Mengunarvarnir**

| Isat-flokkur | Atvinnugrein | Gjald-flokkur |
|---|---|---|
| 74.81.02 | Ljósmyndastofa | 2 |
| 74.81.03 | Sérhæfð framköllunarþjónusta | 2 |
| 51.65.9 | Innflytjendur kælikerfa | 4 |
| 85.14.31 | Röntgenstofur | 2 |
| 93.01.02 | Efnalaugar | 4 |
| 01.12.1 | Gróðrastöðvar | 2 |
| 01.25.9 | Kattarækt | 2 |
| 01.25.91 | Húsdýragarðar | 2 |
| 01.42.01 | Hundarækt | 2 |
| 01.42.02 | Kattageymsla | 2 |
| 01.42.3 | Hundahótel. | 2 |
| 14.21.0 | Malar- og sandnám | 4 |
| 15.71.0 | Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs | 2 |
| 15.71.1 | Framleiðsla húsdýrafóðurs | 2 |
| 20.30.91 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 4 |
| 20.30.92 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 2 |
| 21.22.0 | Framleiðsla pappírsvöru til heimilis og hreinlætis | 2 |
| 22.21.0 | Prentun dagblaða | 4 |
| 22.22.1 | Offsett- og hæðarprentun | 3 |
| 22.22.2 | Sáldprentun | 6 |
| 22.22.3 | Prentstofur | 2 |
| 22.24.0 | Prentsmíð | 2 |
| 22.25.01 | Umfangsmikill prentiðnaður | 6 |
| 24.42.0 | Lyfjagerð | 3 |
| 24.52.01 | Snyrtivöruframleiðsla | 4 |
| 26.13.0 | Framleiðsla gleríláta | 2 |
| 26.61.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 2 |
| 26.63.0 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 6 |
| 26.70.0 | Steinsmíði | 2 |
| 29.00.00 | Vélsmíði og vélaviðgerðir | 4 |
| 31.70.0 | Rafvélaverkstæði | 4 |
| 40.10.01 | Spennistöðvar | 4 |
| 40.10.02 | Spennaviðgerðir | 4 |
| 52.49.1 | Gæludýraverslun | 2 |
| 52.49.95 | Þjónustuaðilar kælikerfa sem selja kælimiðla | 2 |
| 63.1 | Vöruafgreiðsla og vörugeymsla | 2 |
| 63.12.0 | Vörugeymslur | 2 |
| 63.12.01 | Kæli- og frystigeymslur | 2 |
| 63.12.05 | Gasbirgðastöðvar með <100 $m^3$ geymslurými | 4 |
| 63.21.01 | Vöruflutningamiðstöðvar | 2 |
| 63.21.02 | Bið- og endastöðvar strætisvagna | 2 |
| 63.21.03 | Biðstöðvar leigubifreiða | 1 |
| 63.23.03 | Æfingarsvæði fyrir flugvallarslökkvilið | 4 |
| 24.11.1 | Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda | 4 |
| 75.25.01 | Svæði til slökkvi- og reykæfinga | 4 |
| 85.13.0 | Tannlæknastofur | 4 |
| 85.20.01 | Dýralæknastofur | 1 |
| 85.20.02 | Dýraspítalar | 2 |
| 90.00.03 | Gámastöðvar | 4 |
| 90.00.04 | Flutningur úrgangs | 4 |
| 92.33.0 | Rekstur skemmtigarða | 2 |
| 92.62.0 | Kappakstursæfinga- og kennslubrautir | 4 |

**Mengunarvarnir**

| Isat-flokkur | Atvinnugrein | Gjald-flokkur |
|---|---|---|
| 92.72.01 | Skotvellir | 4 |
| 93.01.01 | Þvottahús | 2 |
| 93.03.01 | Líkbrennslur | 6 |
| 15.13.1 | Kjötiðnaður, miðlungs | 6 |
| 15.20.2 | Saltfiskverkun | 2 |
| 15.20.41 | Heitloftsþurrkun fiskafurða | 1 |
| 15.20.5 | Harðfiskverkun | 1 |
| 15.20.9 | Önnur ótalin fiskvinnsla | 1 |
| 15.20.61 | Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 4 |
| 15.20.62 | Vinnsla á ferskum fiski, stór | 6 |
| 15.20.63 | Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 2 |
| 15.51.0 | Mjólkurbú | 6 |
| 15.51.1 | Ostagerð | 6 |
| 15.52.0 | Ísgerð | 6 |
| 85.12.21 | Læknahús, rannsóknarstofur | 5 |

2. gr.

Breyting þessi, sem samþykkt er af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 30. júlí 2003.*

e.u. **Helga Jónsdóttir** borgarritari.

7. ágúst 2003 Nr. 608

# AUGLÝSING

## um takmörkun á innflutningi á parahnetum frá Brasilíu.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á parahnetum (brasilíuhnetum) í hýði sem upprunnar eru í Brasilíu og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins parahnetur frá Brasilíu sem falla undir tollskrárnúmerið 0801.2100.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum aðila til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII. kafla, II viðauka (ákvörðun 2003/493/EB). Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 2003.*

F. h. r.
**Þórður H. Ólafsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*

Nr. 609

# REIKNINGUR

## Bjargráðasjóðs fyrir árið 2002.

### Rekstrarreikningur.

| | Skýringar | kr. |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur:** | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 33.041.285 |
| Fjármunatekjur alls: | | 33.041.285 |
| **Fjármagnsgjöld:** | | |
| Vaxtagjöld | | 69.017 |
| Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga | 1 | 0 |
| Fjármagnsgjöld alls: | | 69.017 |
| Hreinar fjármunatekjur: | | 32.972.268 |

| | Skýringar | kr. |
|---|---|---|
| **Aðrar tekjur:** | | |
| Framlag sveitarfélaga | | 31.418.800 |
| Framlag ríkissjóðs | | 10.000.000 |
| Búnaðargjald | | 47.594.530 |
| Aðrar tekjur alls: | | 89.013.330 |
| Tekjur alls: | | 121.985.598 |
| **Styrkveitingar:** | | |
| Styrkir | 8 | 46.910.971 |
| Styrkveitingar alls: | | 46.910.971 |
| Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld: | | 75.074.627 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | 7 | 15.152.379 |
| Sérkostnaður | 9 | 6.354.991 |
| Afskriftir | 2 | 503.970 |
| Rekstrargjöld alls: | | 22.011.340 |
| Hagnaður fyrir skatta: | | 53.063.287 |
| Fjármagnstekjuskattur | | 3.304.736 |
| Tekjur umfram gjöld: | | 49.758.551 |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2002.

### Eignir.

| | Skýringar | kr. |
|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 4 | |
| Áhöld | | 350.154 |
| Fasteignir | | 12.753.104 |
| Fastafjármunir alls: | | 13.103.258 |
| **Veltufjármunir:** | | |
| Skammtímakröfur: | | |
| Óinnheimtar tekjur | | 8.175.886 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 129.610 |
| Skammtímakröfur alls: | | 8.305.496 |
| Handbært fé: | | |
| Bankainnstæður | | 417.988.355 |
| | | 417.988.355 |
| Veltufjármunir alls: | | 426.293.851 |
| Eignir samtals: | | 439.397.109 |

## Eigið fé og skuldir.

| | Skýringar | kr. |
|---|---|---|
| **Eigið fé:** | 5 | |
| Endurmatsreikningur | | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | | 409.760.250 |
| Eigið fé alls: | | 409.760.250 |
| **Skuldbindingar:** | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 3 | 29.230.000 |
| **Skammtímaskuldir:** | | |
| Viðskiptaskuldir | | 406.859 |
| Fyrirframgreitt búnaðargjald | | 0 |
| Ógreiddir samþykktir styrkir | | 0 |
| Skammtímaskuldir alls: | | 406.859 |
| Skuldir og skuldbindingar alls: | | 29.636.859 |
| Skuldir og eigið fé samtals: | | 439.397.109 |

Reykjavík, 13. febrúar 2003.

**Sesselja Árnadóttir.**

**Guðbjartur Gunnarsson.** **Hörður Harðarson.**
**Ríkharð Brynjólfsson.** **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.**

### Áritun framkvæmdastjóra.

**Þórður Skúlason** framkvæmdastjóri.

### Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því áliti sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 13. febrúar 2003.

Gísli Guðmundsson endurskoðandi.

# REGLUGERÐ

**um eftirlit og skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa.**

1. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til skipa á íslenskri skipaskrá sem eru skoðunarskyld samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Í þessari reglugerð merkir:

*Afl* bremsuafl, þ.e. heildarúttaksafl véla sem notaðar eru til að knýja skipið.

*Eigandi* skráðan eiganda skips samkvæmt lögum um skráningu skipa nr. 115/1985 með síðari breytingum.

3. gr.

Eigandi, sem óskar eftir skráningu eða breytingu á skráningu á afli vélar, skal leggja fram þau gögn sem talin eru nauðsynleg að mati Siglingastofnunar Íslands.

4. gr.

Þegar skráð er afl véla, skal skrá það í kW og miða við mesta stöðuga álag sem framleiðandi gefur upp fyrir umrædda vélargerð og árgerð.

Ef fyrir hendi er reynslukeyrsla á vélinni með ákveðnum búnaði, sem gefur annað afl, en að framan greinir, þá er Siglingastofnun Íslands heimilt að skrá afl vélarinnar í samræmi við þær niðurstöður enda séu þær samkvæmt staðfestum gögnum frá framleiðanda vélarinnar.

Aflið skal mælt samkvæmt ISO-staðli 3046.

5. gr.

Þegar afl við stöðugt álag er óþekkt en framleiðandi gefur upp afl vélar miðað við *sérlega létt* álag, *létt* álag eða *miðlungs* álag skal Siglingastofnun Íslands, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., skrá aflið á eftirfarandi hátt:

1. Sé afl við sérlega létt álag þekkt og afl við létt álag og miðlungs álag óþekkt, skal margfalda tölugildi sérlega létta álagsins með stuðlinum 0,7 til að finna afl til skráningar.
2. Sé afl við létt álag þekkt og afl við sérlega létt álag og miðlungs álag óþekkt, skal margfalda tölugildi létta álagsins með stuðlinum 0,8 til að finna afl til skráningar.
3. Sé afl við miðlungs álag þekkt, skal margfalda tölugildi þess með stuðlinum 0,9 til að finna afl til skráningar.

Óheimilt er að nota framangreinda reikniaðferð ef reiknað afl reynist vera meira en 400 kW miðað við mesta stöðuga álag.

6. gr.

Skráðu afli verður ekki breytt nema gerðar séu breytingar á þeim búnaði sem á vélinni er og hefur áhrif á afl hennar. Við framkvæmd þessarar reglugerðar telst breyting á eldsneytisbúnaði, þ.m.t. breyting á olíugjöf, breyting á forþjöppu, breyting á kælibúnaði og breyting á tölvustýringu vélar vera breyting á búnaði vélar. Skulu breytingar vera háðar samþykki Siglingastofnunar Íslands og framkvæmdar undir eftirliti hennar, eða annars aðila sem hún samþykkir, samkvæmt skriflegum fyrirmælum vélaframleiðandans, af honum, eða aðila sem hann samþykkir.

7. gr.

Á skilti á aðalvél skipa skal tilgreind gerð, framleiðslunúmer og smíðaár, skráð afl og snúningshraði vélarinnar.

Skiltið skal vera úr varanlegu efni og skal það tryggilega fest utanvert á framhlið vélar eða ofan á hana þannig að ekkert skyggi á það. Skal áletrunin vera vel læsileg og með greinilegu letri.

8. gr.

Óheimilt er að gera breytingar á aðalvélum og búnaði sem hefur áhrif á afl þeirra án samþykkis Siglingastofnunar Íslands.

Siglingastofnun Íslands, eða öðrum aðilum sem stofnunin virðurkennir, er heimilt að framkvæma aukaskoðanir á aðalvélum skipa til að sannreyna að vélar og búnaður þeirra sé í samræmi við skráð afl.

9. gr.

Eigandi skal greiða fyrir kostnað vegna skoðunar á vélum og búnaði þeirra, samþykkt teikninga og annarra gagna, og aðra skoðun, sem framkvæmd er af starfsmönnum Siglingastofnunar Íslands, eða annars aðila sem stofnunin viðurkennir.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða refsingum samkvæmt VII. kafla laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, 14. gr. laga um atvinuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða nr. 113/1984 og 21. – 25. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1993 um eftirlit með skipum með síðari breytingum, 13. gr. laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum með síðari breytingum og 4. gr. laga nr. 115/1985 um skráningu skipa með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skráningu á afli aðalvéla nr. 143/1984.

*Samgönguráðuneytinu, 16. júlí 2003.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Nr. 611 14. ágúst 2003

# AUGLÝSING

**um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir „Velli 2. áfanga“ í Hafnarfirði.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 10. júní 2003 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir „Velli 2. áfanga“ í Hafnarfirði. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 14. ágúst 2003.*

F.h. bæjarskipulags Hafnarfjarðar,

**Lilja Grétarsdóttir** arkitekt.

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 903/2002 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn.**

1. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Bann við notkun arsensambanda samkvæmt 1. mgr. tekur ekki til notkunar ólífrænna saltlausna, kopar-króm-arsen (CCA) gerð C, í iðnfyrirtækjum sem hafa sérstakan tækjabúnað þar sem notaður er þrýstingur eða lofttæmi til gegndreypingar á viði.

2. gr.

Á eftir 8. gr. koma tvær nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. 9. gr.

Trjávið meðhöndlaðan með CCA skv. 2. mgr. 4. gr. má ekki markaðssetja fyrr en viðarvarnarefnið er alveg bundið í viðnum og þá aðeins til faglegrar notkunar og í iðnaði. Jafnframt er markaðssetning bundin við að sérstaklega sé gerð krafa um sterkan og endingargóðan við til að tryggja öryggi manna og búpenings og að hann sé aðeins notaður þar sem ólíklegt er að almenningur komist í snertingu við viðinn.

Notkunin er bundin við eftirtalin mannvirki:

- burðarvirki í opinberum byggingum, í byggingum í landbúnaði, skrifstofubyggingum og í burðarvirki á iðnaðarsvæðum,
- brýr og undirstöður þeirra,
- timbur í virki í ferskvatni og í söltu vatni t.d. bryggjur og brýr,
- hljóðtálma,
- snjóflóðavarnagarða,
- öryggisgrindverk og tálma við þjóðvegi,
- í jarðvegsstoðvirki,
- í sívala búfjárgirðingarstaura úr afbirktum barrviði,
- rafmagns- og símastaura,
- þvertré á járnbrautarteina neðanjarðar

Allur markaðssettur viður sem meðhöndlaður hefur verið á þennan hátt skal merktur sérstaklega, auk annarra lögbundinna merkinga, með eftirfarandi áletrun: „Eingöngu til nota í iðnaðarframleiðslu, inniheldur arsen“. Að auki skal allur pakkaður viður sem settur er á markað merktur með eftirfarandi áletrun: „Notið hlífðarhanska við meðhöndlun viðarins. Notið rykgrímu og hlíðargleraugu við sögun eða aðra smíði úr viðnum. Úrgangsvið skal meðhöndla sem spilliefni og skila á viðurkennda móttökustöð“.

b. 10. gr.

Meðhöndlaðan við skv. 2. mgr. 4. gr. má ekki nota:

- í íbúðarhúsnæði og á heimilum sama hver tilgangurinn er,
- á nokkurn þann hátt að hætta sé á endurtekinni snertingu við húð manna,
- í sjó,
- í landbúnaði til annarra nota en í girðingar og notkunar sbr. 9. gr.,
- á nokkurn þann hátt að hætta sé á að meðhöndlaður viður komist í snertingu við fullunnar eða ófullunnar vörur ætlaðar til neyslu manna og/eða dýra.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/2/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Ákvæði 9. og 10. gr. skulu vera komin til framkvæmda eigi síðar en 30. júní 2004.

*Umhverfisráðuneytinu, 8. ágúst 2003.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 613 22. júlí 2003

# AUGLÝSING

## um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Að biðskylda verði á umferð af:

1. Stekkjarholti gagnvart umferð á Heiðarbraut,
2. Sóleyjargötu gagnvart umferð á Merkurteig,
3. Sóleyjargötu gagnvart umferð á Vitateig,
4. Sóleyjargötu gagnvart umferð á Háteigi,
5. Dalsflöt gagnvart umferð á Bresaflöt,
6. Bakkaflöt gagnvart umferð á Bresaflöt,
7. Brúarflöt gagnvart umferð á Bresaflöt,
8. Eyrarflöt gagnvart umferð á Bresaflöt,
9. Brekkuflöt gagnvart umferð á Bakkaflöt,
10. Brekkuflöt gagnvart umferð á Brúarflöt,
11. vegtengingu við Steinsstaði gagnvart umferð á Garðagrund.
12. Að stöðvunarskylda verði á umferð af Háholti gagnvart umferð á Kirkjubraut á gatnamótum við Kirkjubraut 51.
13. Að biðskylda verði á umferð af Háholti gagnvart umferð á Kirkjubraut í stað stöðvunarskyldu á gatnamótum við Kirkjubraut 54-56.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

*Akranesi, 22. júlí 2003.*

Sýslumaðurinn á Akranesi,

**Ólafur Þ. Hauksson.**